

Smartland Mörtu Maríu | Samskipti | mbl | 5.4.2018 | 13:00

Fjölskyldur spilafíkla oft í afneitun



Fólk með spilavanda kemur úr öllum stéttum samfélagsins. Það sem sameinar þá er að þeir taka fjárhagslega áhættu með óljósa útkomu. *Ljósmynd/Thinkstockphotos.*

Alma Hafsteinsdóttir fíkní- og fjölskyldumarkþjálfari og Guðrún Margrét Einarsdóttir dagskrárstjóri á Hlaðgerðarkoti segja spilafíkn algengari en almennt sé talið. Í viðtalinu er rætt um spilavanda og hvernig hann lýsir sér og meðvirkni aðstandenda. Fjölskyldur spilafíkla geta orðið hluti af lausninni ef þeir stíga út úr meðvirknimynstrinu og verða hluti af lausninni.

Þegar fé er lagt undir og útkoman óljós

Að sögn Ölmú þá hefur orðið mikil vitundarvakning víðsvegar um heiminn tengt spilavanda. Hin hefðbundna ímynd af spilafíkli, sem eldri einstaklingi sem eyðir öllu sínu í spilakassa eða ungir strákar sem spila póker sé einungis ein svipmynd sjúkdómsins. Hún segir að fíknisjúkdómurinn sé mun algengari en við gerum okkur grein fyrir og betra sé að styðjast við almennari skilgreiningu sem hljóðar svona: „Ef fé er lagt undir og útkoman er óviss.“ Fíklar sem þessir eru til í öllum lögum samfélagsins. Þeir geta verið að spila með fjármagn í fjárfestingum, á gjaldeyrismarkaði, með kaupum og sölum á hlutabréfamarkaði eða skuldabréfamarkaði, í fasteignakaupum ásamt hinum hefðbundnu fjárhættuspilum og svo mætti lengi áfram telja.“



Alma Hafsteinsdóttir fíkni- og fjölskyldumarkþjálfari og Guðrún Margrét Einarsdóttir dagskrárstjóri á Hlaðgerðarkoti standa fyrir námskeiði fyrir aðstandendur fólks í spilavanda þann 16. apríl næstkomandi kl 18:00 – 21:00 í húsnæði Lausnarinnar, Hlíðarsmára 14. *Ljósmynd/Thinkstockphotos.*

Alma segir að það sem sameini þá sem eru haldnir spilafíkn sé sú staðreynd að þeir geti ekki hætt og reyni stöðugt að eltast við tapið eða í hið minnsta telja sér trú um það. Þessi sjúkdómur er vel falinn. Þú sérð ekki á spilafíkli þegar hann er að þróa með sér vanda, líkt og þú sérð á alkahólista að hann er að drekka. En það sem sameinar báðar þessar tegundir fíkla er að þeir eru stjórnlausir og sjúkdómurinn leggst ekki einungis á þá heldur alla fjölskylduna líka og þeirra nær umhverfi.“

Í fyrstu virkar þetta sem skemmtileg leið til að afla fjár

Guðrún Margrét tekur undir með Ölmu og segir: „Fjölskyldur spilafíkla vita að það er eitthvað að en þeir eiga kannski erfitt með að setja fingurinn á hvað það er og eru að reyna að bregðast við óeðlilegum aðstæðum á eðlilegan hátt. En sama hvað þeir gera þá virkar það ekki. Fíknisjúkdómar eru alltaf fjölskyldusjúkdómar og lýsa sér í meðvirkni. Meðvirkni tekur svo á sig allskonar myndir. Börn og maki eru í mismunandi hlutverkum, en þeir eru að reyna að lækna fíkilinn, stjórna honum eða breyta.“

Alma segir marga spilafíkla byrja að þróa sjúkdóm sinn sem skemmtun eða leið til að afla fjár. „Mikils misskilnings gætir oft hjá spilafíklum að um sé að ræða fjárhagslegt vandamál þ.e. að spilafíkn sé fjárhagslegt vandamál, svo er ekki. Síðan þróast sjúkdómurinn áfram og veldur sífellt meiri skaða. Spilafíkillinn er oft ráðalaus og hvorki skilur í sjálfum sér né hegðun sinni. Hann byrjar að einangrar sig og upplifir skömm og sektarkennd bæði gagnvart sjálfum sér og sínum nánustu. Við erum með spilafíkla þvert yfir samfélagið. Þessi sjúkdómur rænir bæði spilafíkilinn og hans nánustu fjárhagslegu öryggi og skerðir lífsgæði allra og skiptir þá engu máli hver fjárhagsleg né félagsleg staða fíkilins er.“

Það er von þeirra Ölmu og Guðrúnar að vitundarvakning verði í samfélaginu tengt þessu málefni og fólk nái að takast á við vandamálið áður en það hefur lagt fjárhag fjölskyldunnar á hliðina. Alma segir að því miður komi þeir sem eru að leita sér aðstoðar vegna spilavanda til hennar, þegar þeir hafa spilað frá sér eina, tvær eða jafnvel þrjár fjölskyldur. „Þróun sjúkdómsins hefur þá tekið töluverðan tíma, en það sem spilafíklar gera vanalega er að einangra sig og eyða sífelld minni tíma með fjölskyldu sinni og vinum.“


Spilafíklar lifa í draumaheimi

En hvað er að gerast í huga spilafíkilsins að mati Ölmu þegar sá sem er í spilavanda er í þessari fíkn? „Spilafíkillinn gerir sama hlutinn aftur og aftur og býst alltaf við annarri útkomu. Hann býr í draumaheimi og missir allt raunveruleikaskyn. Hann hættir að tengja við veruleikann sem hann býr í. Hann byrjar að lifa og hrærast í þessum draumaheimi, þar sem allt er að fara að reddast, bara þegar hann selur næstu fasteign eða kaupir næst hlutabréf eða spilar í spilakassa. Þeir sem eru í spilavanda eru duglegir að koma sér upp kerfum, sem því miður virka ekki því þeir geta ekki stoppað.“

Spilafíklar geta ekki hætt

„Þegar þú ferð og horfir á spilafíkla í til dæmis póker þá sérðu fljótt að þeir halda að þeir hafi hæfileika og getu til að spila póker betur en aðrir og kannski er það raunveruleikinn. En þeir geta ekki hætt, alveg eins og alkahólistinn á erfitt með að hætta að drekka,“ segir Alma.

Alma og Guðrún segja að í fíkninni hafi stjórnleysið, vanmátturinn og hversu lengi fíkillinn er að þróa með sér fíknina mikil áhrif á fjölskylduna. Guðrún segir: „Aðstandendur finna að það er eitt-hvað að, en það er erfitt að setja fingurinn á hvað það er. Það er ólag heima fyrir. Fíkillinn er kannski aldrei heima. Farinn að skulda óheyrilega mikinn pening, verður erfiður í skapi og fjar-rænn.“ Alma bætir við: „Eins eru sögurnar í kringum þessa fíkn þannig að maður heyrir bara aðra hliðina. Það hversu mikið þessi eða hinn græddi á fasteignaviðskiptum, hlutabréfamarkaði, gjald-eyrisviðskiptum eða í póker. Það er enginn að fara að koma á forsíðu tímarita að tala um hvað hann tapaði á gjaldeyrisbraski í gær. Það sama á við, ef þú ferð á spilastaði þá eru allir til í að segja þér að þessi sami kassi hafi tekið öll mánaðarlaunin á einum sólahring.“ Guðrún segir að inn í þennan veruleika dragast aðstandendur.



Þú heyrir sögur um hvernig kassinn gaf af sér stórar upphæðir í gær en sjaldnast hvernig hann tók öll mánaðarlaunin á einni kvöldstund. *Ljósmynd/Thinkstockphotos.*

Að vera hluti af lausninni

Að mati Guðrúnar er fyrsta skrefið fyrir aðstandendur að leita sér aðstoðar utan heimilisins hjá fagaðilum sem geta veitt stuðning og kunna leiðirnar að bata. „Fyrstu viðbrögð foreldra barna með þessa fíkn og aðrar er að álása sjálfan sig og velta fyrir sér hvað gerði ég rangt? Það er eðlilegt en þannig verðum við ekki hluti af batanum. Eða að kenna öðrum um. Þar sem meðvirkir eru oft orðnir einangraðir og hættir að tala við aðra er fyrsta skrefið alltaf að leita sér að fræðslu og fá aðstoð. Á námskeiðinu förum við yfir hvernig aðstandendur geta tamið sér ný viðhorf, hegðun og hugsunarhátt. Við kennum aðstandendum hvernig þeir geta látið sér batna. Hvernig þeir geta sleppt tókunum og treyst. Við getum aldrei leyst vanda annarra. Við verðum einmitt hluti af lausninni fyrst þegar við hættum að virka með fíklinum og byrjum að virka með okkur sjálfum,“ segir Guðrún að lokum.

Nánari upplýsingar á <http://spilavandi.is/>